

Nd. **531. Frumvarp til laga** [277. mál]
um heimild til að selja kristfjórjörðina Ytra-Vallholt í Seyluhreppi, Skagafjarðarsýslu.

Flm.: Pálmi Jónsson, Páll Pétursson, Stefán Guðmundsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Hafsteini Lúðvíkssyni kristfjórjörðina Ytra-Vallholt, Seyluhreppi, Skagafjarðarsýslu.

Söluverð jarðarinnar skal ákveðið með mati tveggja dómkvaddra manna og greiði kaupandi matskostnað.

Söluandvirði jarðarinnar skal afhent biskupi til ráðstöfunar í samræmi við ákvæði gjafabréfs Þórðar Þorlákssonar frá 20. júlí 1693.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Jörðin Ytra-Vallholt í Seyluhreppi, Skagafjarðarsýslu, var með gjafabréfi Þórðar Þorlákssonar biskups 20. júlí 1693 gefin til að „vera æfinlegt kristfé“ þaðan í frá. Gjafabréf jarðarinnar er birt í Lovsamling for Island I, bls. 508—509, og fer texti gjafabréfsins hér á eftir í heild sinni:

„Góðum og guðhræddum lesendum og heyrendum þessa bréfs óska eg, Þórður Þorláksson, Superintendens Skálholts stiptis, guðs náðar og miskunar, með tímanlegum og eilífum frið fyrir vorn drottinn Jesum Christum: Hér með kunnugt gjörandi, að eg hefi í guðs nafni og góðri meiningu tileinkað og gefið fátækum guðs þurfamönnum, einkum munaðarlausum ekkjum og föðurlausum börnum í Hegraness þingi til ágóða og viðhjálpar, mína eignarjörð Ytra-Vallholt í Skagafirði, eptir því sem mitt testamentisbréf, daterað Skálholti þann 30. júnii Anno 1690 og auglýst á alþingi í lögréttu þann 10. Júlí sama árs, útvísar, hvers bréfs póstur og innihald um sagt efni svo er hljóðandi orð fyrir orð sem eptir fylgir:

„Sanctæ Mariæ kirkju að Hólum í Hjaltadal, hvar eg er borinn og barnfæddur, gef eg jörðina Ytra-Vallholt, XI hundruð að dýrleika, með VI kúgildum, hverja jörð mér fékk og gaf mín elskulega fósturmóðir, Halldóra Pétursdóttir, í próventu, með samþykki og ráði síns fróma og góða ektamanns, Hallgríms Guðmundssonar. Jörð sú er í Skagafirði, Hegraness þingi og Holts kirkjusókn. Skal jörðin, með kúgildunum og öllu því sem henni með réttu tilheyrir, vera æfinlegt kristfé héðan í frá. En það skil eg til, að fátækar, munaðarlausar ekkjur og föðurlaus börn, sem helzt eru þurfandi í Norðlendinga fjórðungi, einkum Hegraness þingi, hafi not af jörðinni. Biskup á Hólum sjái fyrir jörðunni og hennar afgangi sem bezt hentar, og fátækum guðs þurfamönnum má bezt haga &c.“

En með því aldurdómur minn og veikindi áminna mig, þessi litla gjöf án undandrátta úti að láta, meðan guð mig af náð sinni líður við þetta skammvinna og fallvalta líf, þá tilsegi eg nú og afhendi fyrgreinda jörð Ytra-Vallholt eðla og veleruverðugum herra, herra Einari Þorsteinssyni, biskupi Hóla stiptis, til fullkomlegrar meðtöku að næstkomandi fardögum anno 1694, undir hans vernd og umsjón: alúðlega óskandi, að hans herradómur og hans eptirkomendur, biskupar á Hólum, vildu guðs vegna svo hagtæra láta þessu litla tillagi, fátækum til nota, sem bezt má fara, og minn einfaldur og góður ásetningur er og verið hefir í þessu efni, fyrir utan alla hégómlega fordild og hræsni. Almáttugur guð uppfylli alla vora nauðþurft eptir sínum dýrðar ríkdómi í Christo Jesu. Minn elskulegan bróður Guðbrand Thorláksson bið eg optgreinda jörð Ytra-Vallholt velnefndum herra biskupinum eður hans umboðsmanni að afhenda í eptirkomandi árs fardögum 1694, og hið bezta til sjá, að jörðin, með öllu því henni tilheyrir í húsum og innstæðu, verði vel og ríflega af höndum látin, hvar til eg hans bróðurlegum kærleika og góðri tilhlutan fulltreysti. — Þessu öllu áðurtéðu til staðfestu og sannindamerkis skrifa eg mitt nafn með eign hendi, og læt þrykkja mínu eiginlegu Zigneti hér að neðan í erlegra manna viðurvist, sem sín nöfn ásamt mér hér undir setja. Actum Skálholti anno 1693, þann 20. Júlí, hver dagur mánaðarins tileinkaður er í rími voru hinum heilaga Þorláki Þórhallasyni, Skálholts biskupi, qui floruit seculo XII. post natum mundi salvatorem.

Þórður Þorláksson.

Þorlákur Grímsson m. e. h.
Sæmundur Jónsson m.e.h.“

Kristfjærjörðin Ytra-Vallholt er sjálfseignarstofnun sem nefnd er Legatssjóður Ytra-Vallholts, og samkvæmt gjafabréfinu var Hólabiskupi falið að hafa umsjón með henni. Síðustu áratugi hefur prófasturinn í Skagafjarðarprófastdæmi haft umsjón með jörðinni í umboði biskups.

Samkvæmt ákvæðum gjafabréfs skal jörðin Ytra-Vallholt „vera æfinlegt kristfé“ og öðlast ábúandi hennar því ekki kauprétt skv. 29. gr. jarðalaga, nr. 65/1976. Á hinn bóginn hefur Alþingi í nokkrum tilvikum samþykkt sérstök lög um sölu kristfjærjarða, t. d. l. nr. 20/1953 og l. nr. 61/1963. Hefur verið talið að Alþingi geti með lagasetningu breytt ákvæðum

gjafabréfanna um að ekki megi selja viðkomandi jarðir, enda sé tryggt að andvirði jarðanna sé ráðstafað í samræmi við vilja gefenda eins og hann birtist í gjafabréfinu og fullt verð komi fyrir eignina.

Í frumvarpi þessu er lagt til að ríkisstjórnin fái heimild til og annist um sölu á jörðinni Ytra-Vallholti. Eðlilegt er, með tilliti til hagsmuna gefenda, að söluverð jarðarinnar sé ákveðið með mati dómkvaddra manna og andvirði jarðarinnar verði afhent biskupi til ráðstöfunar í samræmi við ákvæði gjafabréfsins. Jafnframt er gert ráð fyrir að kaupandi greiði kostnað við matið.

Hafsteinn Lúðvíksson fékk ábúð á jörðinni Ytra-Vallholti árið 1964 og hefur búið þar síðan. Hann er eigandi að öllum húsum, ræktun og að mestu leyti öðrum mannvirkjum á jörðinni. Eru þessi mannvirki það verðmæt að verða myndi fjárhag Legatssjóðs Ytra-Vallholts ofviða að standa undir skyldum landeiganda samkv. ábúðarlögum, nr. 64/1976, varðandi kaupskyldu á eignarhluta leiguliða í jörðinni ef hann færi af jörðinni.

Jarðanefnd Skagafjarðarsýslu og hreppsnefnd Seyluhrepps hafa mælt með því að Hafsteinn Lúðvíksson fái ábýlisjörð sína keypta og eru þau meðmæli prentuð sem fylgiskjöl með frumvarpinu.

Fylgiskjal I.

Útskrift úr gjörðabók jarðanefndar Skagafjarðarsýslu.

Sauðárkróki 23. des. 1983.

Herra Hafsteinn Lúðvíksson,
Ytra-Vallholti, Seyluhreppi.

Úrskrift úr gjörðabók jarðanefndar Skagafjarðarsýslu.

„Lagt fram bréf, dagsett 25. okt. 1983, frá Hafsteini Lúðvíkssyni bónda í Ytra-Vallholti í Seyluhreppi. Þar fer Hafsteinn fram á að jarðanefnd mæli með því að hann fái ábýlisjörð sína, Ytra-Vallholt, keypta, en jörðin er kristfjórjörð.“

Jarðanefnd mælir með því að Hafsteinn fái jörðina keypta.

F. h. jarðanefndar Skagafjarðarsýslu,
Gunnar Gíslason
ritari jarðanefndar.

Fylgiskjal II.

Útskrift úr gjörðabók hreppsnefndar Seyluhrepps.

Á fundi hreppsnefndar Seyluhrepps 18. okt. 1983 var eftirfarandi bókað:

„Lagt fram bréf, dagsett 18. okt. 1983, frá Hafsteini Lúðvíkssyni bónda í Ytra-Vallholti. Hafsteinn biður um meðmæli hreppsnefndar með því að hann fái ábýlisjörð sína, Ytra-Vallholt í Seyluhreppi, keypta.“

Samþykkt var að veita Hafsteini þessi meðmæli.

Miðgarði, 30. des. 1983.

Gunnar Gíslason
ritari hreppsnefndar.